

Ed. 465. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 364 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 23%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 500 kr.

5. gr. hljóðar svo:

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 51% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.